

Aðferðafræði og fyrirkomulag úttektarinnar

Sérfræðingar Alþjóðamálastofnunar munu hafa yfirumsjón með að afla þeirra gagna sem þarf til þess að leggja mat á þá kafla sem hefur verið lokað (til bráðabirgða) og einnig þá kafla sem hafa verið opnaðir og samningsafstaða Íslands liggur fyrir. Skýrsla utanríkisráðuneytisins frá apríl 2013 verður meginheimildin í þessum kafla, en einnig verður stuðst við gögn sem nálgast má á vidraedur.is til þess að leggja mat á ýmis álitamál sem komið hafa upp við mótun samningsafstöðu Íslands.

Samhliða þessu munu sérfræðingar Alþjóðamálastofnunar útbúa minnisblað sem sent verður á hagsmunaaðila sem tengjast viðræðunum. Í þessu minnisblaði verður verkefnið útlistað ásamt því að kynna sérstaklega hvaða spurningum verður leitast við að svara í þeim kafla sem snýr að viðkomandi hagsmunaaðila. Tekin verða viðtöl við hagsmunaaðila þar sem þeim er gefið færi á að leggja mat á áherslur kaflahöfunda. Að auki verður leitað eftir álitum hagsmunaaðila þegar drög skýrslunnar liggja fyrir og verður athugasemdum þeirra gerð skil í sér kafla.

Megináhersla skýrslunnar verður á þá kafla sem hafa ekki verið opnaðir og sem mestur ágreiningur hefur verið um í umræðunni hérlandis, þ.e.

1. Efnahags- og peningamál og frjálsir fjármagnsflutningar
2. Sjávarútvegsmál ásamt staðfestu- og þjónustufrelsi
3. Landbúnaður og dreifbýlisþróun, ásamt matvælaöryggi og plöntu- og dýraheilbrigði
4. Staða og framtíð EES samningsins, ásamt umræðu um þróun Evrópusambandsins frá því aðildarviðræður hófust

Þessir kaflar verða unnir af sérfræðingum á vegum Alþjóðamálastofnunar sem hafa sérþekkingu á hverju sviði fyrir sig. Í öllum köflunum verður byggt á fyrirliggjandi skriflegum gögnum, þar sem lagt verður mat á regluverk Evrópusambandsins í hverjum málaflokki fyrir sig og samningsafstaða Íslands skoðuð. Hins vegar verður nýrra upplýsinga aflað með því að taka viðtöl við embættismenn, samningamenn Íslands og ESB, auk innlendra hagsmunaaðila og þær nýttar til þess að leggja mat á stöðu viðræðnanna, mögulega samningsniðurstöðu og einnig hvaða áhrif viðræðuhlé kann að hafa á samningsstöðu Íslands.



VÍÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS



Alþýðusamband Íslands



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS



FÉLAG ATVINNUREKENDA